

Tillaga til þingsályktunar

um úttekt á gerð göngubrúar yfir Ölfusá við Selfoss.

Flm.: Unnur Brá Konráðsdóttir, Árni Johnsen, Ragnheiður E. Árnadóttir,
Björgvin G. Sigurðsson, Oddný G. Harðardóttir, Róbert Marshall, Eygló Harðardóttir,
Birgir Þórarinnsson, Margrét Tryggvadóttir, Jörunn Einarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að láta meta kosti þess að gera göngubrú yfir Ölfusá við Selfoss og meta kostnað við slíka framkvæmd. Úttekt á framkvæmdinni og kostnaðarmat liggja fyrir 1. mars 2011.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 132. löggjafarþingi (38. mál), 133. löggjafarþingi (46. mál) og 138. löggjafarþingi (108. mál). Með henni er lagt til að Alþingi feli samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að láta meta kosti þess að gera göngubrú yfir Ölfusá við Selfoss og meta kostnað við slíka framkvæmd. Lagt er til að úttektin og kostnaðarmat liggja fyrir 1. mars 2011.

Þegar Ölfusá var brúuð við Selfoss myndaðist strax byggð sunnan árinna þar sem megin-íbúðarbyggðin og aðalatvinnusvæði byggðarlagsins hefur byggst upp. Nokkur íbúðarbyggð hefur alla tíð verið norðan Ölfusár og má ætla að um 200 íbúar sem tilheyra sveitarfélaginu Árborg búi þar, auk íbúa úr Árbæjarbyggð í Ölfusi. Atvinnurekstur hefur einnig verið norðan árinna í fjölda ára og hefur Sláturfélag Suðurlands verið fjölmennasti vinnustaðurinn. Hin síðari ár hefur atvinnurekstur norðan Ölfusár aukist og ætla má að nú séu um 250–300 störf í þeim fjölbreyttu fyrirtækjum sem starfrækt eru á svæðinu. Þá hefur sveitarfélagið Árborg skipulagt stærra svæði norðan Ölfusár fyrir atvinnustarfsemi. Einnig má benda á að Helliskógur, sem er eitt aðalútivistarsvæði Selfoss, er einmitt norðan Ölfusár.

Með síaukinni umferð um Ölfusárbrú, ekki hvað síst þungaflutningum, er ljóst að þrengt hefur verið að gangandi umferð á brúnni. Því miður hafa oftsinnis orðið óhöpp við handrið sem aðskilur gangandi vegfarendur og ökutæki á Ölfusárbrú en hingað til hafa ekki orðið slys á fólki í þessum óhöppum.

Um alllangt skeið hefur legið fyrir í aðalskipulagi að ný brú verður byggð yfir Ölfusá við Laugardæli og með tilkomu slíks mannvirkis yrði þungaflutningum beint norður og austur fyrir Selfoss. Þessi brú er enn ekki komin á samræmda samgönguáætlun, en vegna mikillar umferðaraukningar mun þess líklega ekki langt að bíða. Þar sem ný brú við Laugardæli er ekki væntanleg allra næstu ár má ætla að göngubrú yfir Ölfusá við Selfoss sé brýnt verkefni til að fyrirbyggja slyshættu og greiða fyrir umferð um þennan fjölfarna kafla þjóðvegans.